

á, að orða megi þetta svo, sem stefndur gerir, að téðir skipverjar hafi afsalað sér 3ja mánaða uppsagnarfrestinum. Því svo framarlega sem beita mátti gegn þeim þessum uppsagnarfresti samkv. sjómannaögunum höfðu þeir og rétt til að beita honum gegn útgerðinni, ef þeim bauð svo við að horfa. En þar með er komið út fyrir þau takmörk, sem varðskipalögin eru að setja hömlur við, með því að lögþjóða ákveðinn uppsagnarfrest fyrir þá menn sem á varðskipunum starfa og þess vegna er þetta sérákvæði sett í lög, að því verður að fylgja og að frá því verður ekki vikið. Hér skal ekkert inn á það farið, út frá hvaða skoðun bréf útgerðarstjóra frá 28. sept. er skrifað eða með hvaða skilningi skipherrann las það upp fyrir skipshöfninni, en eftir beinum orðum sínum átti það erindi til allra skipverja og gat ekki orðið til annars en að styrkja þá skoðun þeirra, sem haldið er fram af stefnanda í þessu máli, að uppsögnin 28. sept. hafi tekið til allra skipverja.

Samkv. framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, þar sem engum athugasemdum hefir verið hreyft gegn kröfuupphæðinni né vaxtakröfunni.

---

Mánudaginn 23. apríl 1934.

Nr. 141/1933. Útvegsbanki Íslands h/f

(Th. B. Lindal).

gegn

**Friðfinni Finnssyni og bæjarfógeta**

**Kr. Linnet, f. h. þrotabús Kristins A.**

**Jónssonar** (Enginn).

Sjóveðréttur fyrir kaup. Aflahlut.

*Dómur sjóréttar Vestmannaeyja 5. maí 1933:* Kr. Linnet, f. h. þrotabús Kristins A. Jónssonar, greiði stefnanda, Friðfinni Finnssyni, kr. 339,35 með 5% ársvöxtum frá 11. maí 1932 til greiðsludags og málskostnað kr. 75,00.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 7. dezbr. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. s. d., og krefst þess, að fellt verði úr hinum áfrýjaða dómi ákvæði hans um sjóveðrétt stefnda, Friðfinns Finnssonar, í vélbátnum „Góa“ R. E. 224, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Hinir stefndu hafa eigi mætt í hæstarétti, þótt þeim hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða sjóréttardómi réri stefndi, Friðfinnur Finnsson, vetrarvertíðina 1932 á vélbátnum „Góa“ R. E. 224, og var svo ákveðið í ráðningarsamningi hans við útgerðarmann bátsins, Kristinn Jónsson, dags. 22. febr. 1932, að stefndi skyldi hafa í kaup ákveðinn hluta af afla bátsins, en jafnframt skuldbatt stefndi sig til að selja útgerðarmanninum aflahluta sinn fyrir nánar tiltekið verð, og féll aflahlutur stefnda þannig til útgerðarmannsins þegar frá öndverðu, án þess honum væri skipt úr öðrum afla bátsins, er útgerðarmaður átti. Verður að lita svo á, að með nefndum ákvæðum samnings þessa, hafi einungis verið ákveðinn sá háttur, sem hafa skyldi um ákvörðun og útreikning kaupsins, og verður því eigi álitíð, að stefndi hafi með þessu móti misst þann sjóveðrétt í skipinu, sem sjómönnum er veittur með 2. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56, 1914.

Það verður því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um að stefnda beri sjóveðréttur í nefndum

vélbát til tryggingar eftirstöðvum kaups hans kr. 339,35 ásamt tildæmdum vöxtum og kostnaði.

Þar sem hinir stefndu hafa eigi mætt í hæstarétti, fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða sjóréttardóms um að stefnda, Friðfinni Finnssyni, beri sjóveðréttur í vélbátnum „Góa“ R. E. 224 til tryggingar krónum 339,35, ásamt 5% ársvöxtum frá 11. maí 1932 til greiðsludags, og málskostnaðar í héraði, 75 krónur, skal vera óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódómi Vestmannaeyja með stefnu útgefni 17. október f. á. af Friðfinni Finnssyni, Heimagötu 22, Vestmannaeyjum, gegn bæjarfógeta Kr. Linnet, f. h. þrotabús Kristins A. Jónssonar hér í bæ, til greiðslu kaupeftirstöðva (aflahlutar) að upphæð kr. 339,35 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1932 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Ennfremur hefir stefnandi krafizt þess, að sér yrði tildæmdur sjóveðréttur í vélbátnum „Góa“ R. E. 224, til tryggingar skuldinni og réttur til að ganga að skipinu til lúkningar skuldinni.

Í máli þessu er einnig stefnt Viggó Björnssyni bankastjóra, f. h. Útbús Útvegsbanka Íslands h/f., sem eiganda vélbáts þess, sem sjóveðréttar er krafizt í, til þess að gæta hagsmuna sinna.

Sáttaumleitun varð árangurslaus.

Stefndu hafa mótmælt fjárkröfu stefnanda, svo og vaxtakröfu. Ennfremur hafa hinir stefndu mótmælt algerlega

kröfunni um sjóveðrétt, svo málskostnaðarkröfu og kraf-  
izt að sér yrði tildæmdur hæfilegur málskostnaður, eða  
minnst kr. 100,00.

Málavextir eru þeir, að vertíðina 1932 reri stefnandi,  
sem háseti á vélbátnum „Góa“ R. E. 224, sem gjaldþroti  
gerði út og var kaup hans samkvæmt ráðningarsamningi,  
dags. 22. febrúar 1932, aflahlutur, er gjaldþroti keypti  
samkvæmt ráðningarsamningnum ákveðnu verði, og féll  
aflahlutur stefnanda þannig til gjaldþrota þegar frá önd-  
verðu. Við vertíðarlok taldi stefnandi sér vangreiddar kr.  
339,35.

Stefndu hafa mótmælt fjárkröfu stefnanda meðal ann-  
ars á þeim grundvelli, að aflahluturinn (fiskatal) sé rangt  
talinn. Verður rétturinn að líta svo á, að leggja beri til  
grundvallar reikning stefnanda um það efni. Virðist fiska-  
tal koma heim við framburð formanns vélbáts þess, er  
stefndur var háseti á, enda ekki mótmælt, að formaður  
hafi, stöðu sinnar vegna, eftirlit með talningu afla og er í  
senn trúnaðarmaður skipshafnar og útgerðarmanns í þeim  
efnum, en hinsvegar ekki upplýst á hverju gjaldþroti byggir  
fiskatal það, er hann gefur upp.

Ekki getur rétturinn heldur fallizt á þau mótmæli  
stefndu, að verð aflahlutarins sé of hátt reiknað, þar sem  
ráðningarsamningurinn frá 22. febr. 1932 kveður uppi um  
verðið og krafa stefnanda virðist vera í fullu samræmi við  
hann.

Þá hafa stefndu mótmælt kröfu stefnanda með þeim  
rökum, að ekki væri rétt tilfærð fjárhæð sú, er stefnandi  
hafði fengið greidda upp í aflahluta sinn, þar sem ekki  
væri gerð grein fyrir kostnaði út af sölu nokkurs hluta  
aflans. En með því að stefndu hafa ekki fært rök að því,  
að sá kostnaður væri óeðlilega hár og ráðningarsamning-  
urinn frá 22. febrúar 1932 hinsvegar ákveður, að skipverj-  
ar skuli hafa afla sinn „að kostnaðarlausu“, þykir ekki á-  
stæða til að taka þessi mótmæli stefndu til greina, enda  
sölu-kostnaður eingöngu tilorðinn fyrir vanefndir gjald-  
þrota.

Ofangreind mótmæli stefndu gegn réttmæti fjárkröfu  
stefnanda verða því ekki tekin til greina að öðru leyti en  
því, að ársvextir ákveðast 5%.

Mótmæli sin gegn sjóveðréttinum byggja stefndu sum-

part á því, að eigendaskipti hafi orðið á vélbátnum „Góa“ undir rekstri málsins og sumpart á því, að stefnandi hafi þegar í öndverðu selt aflahluta sinn og sé því krafa stefnanda ekki kaupkrafa, heldur krafa samkvæmt sölu- eða kaupsamningi og sé þess vegna ekki nema um almenna kröfu að ræða í þrotabúi Kristins A. Jónssonar.

Rétturinn getur ekki fallið á að máli skipti um sjóveðréttinn þó eigendaskipti hefði orðið á skipi því, er sjóveðréttar er krafizt í, undir rekstri málsins, enda eigi sannað gegn mótmælum stefnanda, að formleg sala á skipinu hafi átt sér stað.

Viðvikjandi þeim mótmælum stefndu, að fjárfkrafa stefnanda sé ekki í eðli sínu kaupkrafa, þá lítur rétturinn svo á, að enda þótt 236. gr. 2. málsg. siglingalaganna taki ekki berum orðum til hlutamanna, þar sem nefnd máls grein talar um sjóveðrétt til tryggingar „kaupi og annari þóknun“, að hlutaráðningu beri að skoða sem kaupfyrirkomulag, er njóti hinnar sömu tryggingar og kaup ákveðið í peningum, þar sem hlutamaður, sem engan þátt tekur í útgerðarkostnaði skips, virðist hafa algerlega sömu aðstöðu og sjómenn almennt. 17. gr. ein laga um lögskráningu sjómanna virðist og benda ákveðið í þá átt, að skoða beri aflahlut hliðstæðan kaup.

Samkvæmt framansögðu og með því að stefnandi virðist ekki hafa afsalað sér með ráðningarsamningi frá 22. febrúar 1932 þeirri tryggingu, er 236. gr. 2. málsg. siglingalaganna veitir, verða sýknuástæður stefndu ekki teknar til greina. Ber því að tildæma stefnanda sjóveðrétt í vélbátinum „Góa“ R. E. 224, svo og rétt til þess að undangengnu fjárnámi, að láta selja nefndan vélbát til greiðslu á framangreindri kröfu á hendur stefndu þrotabúi.

Rétt þykir að tildæma stefnanda kr. 75,00 í málskostnað.